

## Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs Miðvikudaginn 4. maí 2016



VINSTRI GRÆN

6. fundur stjórnar VG settur kl. 16.20 á Hallveigarstöðum.  
Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

**Mætt;** Daníel Arnarsson, Jakob S. Jónsson, Una Hildardóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Rósa Björk Brynjólfsdóttir, Benóný Harðarson og Bjarni Jónsson. Á Skype Hrafnkell Lárusson, Ingibjörg Þórðardóttir og Björn Valur Gíslason. Lís Kristjánsdóttir og Björg Eva Erlendsdóttir og fh. EVG Þóra Elfa Björnsson.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar – lögð fram og samþykkt.
2. Framboðslistar tímarammar fyrir kosningar: Alþingiskosningar hafa ennþá ekki verið boðaðar en við verðum að gera ráð fyrir kosningum í lok október. Framboðslistar þyrftu þá að liggja fyrir í byrjun september. Ljóst er að miðað við þessar forsendur mun kosningabaráttan ekki hefjast fyrr en í byrjun september. Mikilvægt er að útbúa tímaáætlun með helstu dagsetningum fyrir kosningarnar og leggja hana fram á næsta fundi stjórnar. Við þurfum að byrja að safna saman hugmyndum fyrir kosningabaráttuna, vera skapandi og hugsa út fyrir rammann.
3. Miðlæg kosningastjórn: Óska skal eftir tilnefningum frá kjördæmisráðum, UVG og EVG í miðlæga kosningastjórn. Seturétt á fundum miðlægrar kosningastjórnar hafi formaður, varaformaður og formaður þingflokks.
4. Fjármál hreyfingarinnar og hugsanlegar lántökur vegna kosninga: Kosningabaráttan nú mun verða öðruvísi en árið 2013 og halda þarf kostnaði í lágmarki. Gert er ráð fyrir um 10 milljóna króna rekstrarafgangi í fjárhagsáætlun 2016. Ljóst er að bæði þarf að athuga með lántöku vegna kosninga og fara í fjáröflun. Framkvæmdastjóra, formanni og gjaldkera er falið að gera áætlun varðandi hugsanlegar lántökur og leggja fyrir næsta fund stjórnar.
5. Fjárhagsáætlun fyrir kosningabaráttu: Mikilvægt að vinna fjárhagsáætlun fyrir komandi alþingiskosningar sem fyrst og fara eftir henni. Það er hlutverk stjórnar að leggja stóru línurnar og setja baráttunni fjárhagsramma. Framkvæmdastjóra Framkvæmdastjóra er falið að leggja fjárhagsáætlun fyrir næsta fund stjórnar í samráði við formann og gjaldkera Mikilvægt er að kjördæmisráðin fái upplýsingar sem fyrst um það hvort og þá hversu háa styrki þau fá miðlægt. Björg Eva bendir á mikilvægi þess að skýrt sé hvernig styrkjum til kjördæmisráða verði háttað og að stjórn setji skýrar línur hvað það varðar. Daníel leggur til að kosningasjóður verði stofnaður sér og fólki bent á að styrkja hann beint. Rósa Björk bendir á að slíkir sjóðir gætu verið hjá kjördæmisráðunum.
6. Fjáröflunarnefnd: Mikilvægt að skipuð verði sérstök fjáröflunarnefnd sem fyrst. Stjórn er falið að senda inn hugmyndir að aðilum í fjáröflunarnefnd fyrir næsta fund stjórnar.

Lísa Kristjánsdóttir vék af fundi kl. 17.00.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir vék af fundi kl. 17.30.

7. Ferðaklúbbur VG: Katrín verður fararstjóri í ferð um Suðurland – sem farin verður laugardaginn 4. júní nk. Nánar auglýst síðar.

8. Önnur mál

a. Erindi til stjórnar frá Sóleyju Björk Stefánsdóttur vegna aukaaðalfundar kjördæmisráðs Norðausturkjördæmis þann 24. apríl sl. Framkvæmdastjóra er falið að svara erindinu fyrir hönd stjórnar.

Elín Oddný Sigurðardóttir og Rósa Björk Brynjólfssdóttir víkja af fundi kl. 18.30.

Una Hildardóttir tekur við ritun fundarins.

b. Flokksráðsfundur: Björn Valur stingur upp á að flokksráðsfundi, sem fyrirhugaður var 17. september, verði flýtt. Ákveðið að halda dagsetningunni opinni, ekkert húsnaði hefur verið bókað.

Fundi slitið kl. 18.50.

Næsti fundur stjórnar boðaður föstudaginn 3. júní kl. 15.00.